



A. Útsvar

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2018 verði jafnt lögbundnu hámarki sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 eins og þau eru á hverjum tíma. Við gerð samþykktar þessarar er gert ráð fyrir að hámarkshlutfallið verði 14,52% frá 1. janúar 2018.

B. Fasteignaskattur

- 0,50% af álagningarstofni íbúðarhúsa, útihúsa og sumarbústaða ásamt lóðarleiguréttindum og jarðeigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
- 1,32% af álagningarstofni opinbers húsnæðis, skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4/1995.
- 1,50% af álagningarstofni allra annarra fasteigna og lóða skv. c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995.

C. Lóðarleiga

- Íbúðarhúsnæði: 1,70% af fasteignamati lóðar.
- Atvinnuhúsnæði: 2,00% af fasteignamati lóðar.

Afsláttur af fasteignaskatti ellilífeyrisþega og öryrkja sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 og reglur Dalabyggðar.

Ellilífeyrisþegar, með lögheimili og búsetu í Dalabyggð, njóta afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjaldi, sem lagt er á íbúðarhúsnæði í eigu viðkomandi enda hafi hann þar búsetu. Afslátturinn er tekjutengdur. Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir:

Einstaklingar			Hjón / sambýlisfólk		
Tekjur	Kr.	Afsláttur	Tekjur	Kr.	Afsláttur
Allt að	3.600.000	100%	Allt að	5.200.000	100%
Allt að	3.700.000	75%	Allt að	5.300.000	75%
Allt að	3.800.000	50%	Allt að	5.500.000	50%
Allt að	3.900.000	25%	Allt að	5.700.000	25%

Þessar fjárhæðir miðast við árstekjur (heildartekjur) tveimur árum fyrir álagningu (t.d. 2016), sbr. skattframtal árið fyrir álagningu (t.d. 2017) og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts á álagningarári (t.d. 2018).

Innheimta

Fasteignagjöldin verða innheimt með greiðsluseðlum sem hægt er að greiða í hvaða banka, sparisjóði eða netbanka sem er. Gjaldendum er einnig bent á þann möguleika að láta viðskiptabanka sinn sjá um beingreiðslur á fasteignagjöldum.

Veittur er 3% staðgreiðsluafsláttur séu öll gjöld greidd fyrir 15. febrúar. Hámarksafsláttur er kr. 30.000,-

Fjöldi gjalddaga er almennt 6, sá fyrsti 5. febrúar og sá síðasti 5. júlí. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 12.000 þá er einungis einn gjalddagi 5. apríl. Ef heildargjöld greiðanda eru lægri en 250 kr. eru þau ekki innheimt.

Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldin eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

Samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 14. desember 2017

Sveinn Pálsson
sveitarstjóri